


Borgarholtsskóli

# Framhaldsskólapróf

Skýrsla vinnuhóps

Anton Már Gylfason, Aðalsteinn Ómarsson, Guðmundur Þórhallsson og Kristveig Halldórsdóttir



Júní 2010

## Efnisyfirlit

1. Verkefnið .....	3
2. Lýsing á framvindu starfsins í vinnuhópnum .....	5
3. Afurðir vinnuhópsins .....	6
4. Drög að lærdómsviðmiðum .....	10
5. Samantekt.....	10

## 1. Verkefnið

Þátttakendur: Guðmundir Þórhallsson, kennslustjóri almennra námsbrauta, Aðalsteinn Ómarsson, kennari í málmiðngreinum, Kristveig Halldórsdóttir, kennari í listgreinum og Anton Már Gylfason verkefnisstjóri innleiðingar og kennari á almennri námsbraut II.

Vinnuhópurinn vann samkvæmt eftirfarandi verklýsingu:

Hópurinn vinnur að því að útfæra námsbraut/ir sem enda með framhaldsskólaprófi í samræmi við ný lög. Uppbygging brautanna tekur mið af því starfi sem farið hefur fram á almennum námsbrautum og öðrum brautum skólans undanfarin ár og nýtir þá reynslu til hins ýtrasta. Hópurinn kynnr sér það sem verið er að gera í öðrum skólum í þessum efnum og kallar eftir upplýsingum frá ráðuneyti ef þurfa þykir. Þess skal gætt að sá mannauður og sú reynsla sem fyrir hendi er nýtist að fullu um leið og hugmyndafræði nýju laganna er gefið nægjanlegt rými.

Texti úr styrkumsókn:

*Rík hefur er í BHS fyrir rekstri almennrar námsbrautar og starfsbrautar (sérdeildar), auk þróunarstarfs í tengslum við styttri starfsnámsbrautir. Því blasir við að mótun náms til framhaldsskólaprófs kallar á innlegg frá okkur. Við sjáum fyrir okkur annars vegar grunnám sem byggir á hefðum almennrar brautar, mögulega með innleggi frá starfsbraut, og hins vegar útvíkkun/sérhæfingu með hagnýtingu allra starfsnámsbrauta skólans sem hver um sig setti sinn svip á nám og námslok. Hér þarf einnig að huga að samráði við starfsgreinaráð og/eða aðra fulltrúa atvinnulífs.*

**Markmiðið er að til verði námsbrautir sem eru í fullu samræmi við hugmyndafræði nýrra laga og veitir þeim nemendum sem ekki hafa náð markmiðum grunnskóla eða eru óákveðnir ásætlanleg og skilgreind námslok í framhaldsskóla.**

Verkefni:

- Vinna starfsáætlun og skipta verkum með meðlimum hóps (skipa t.a.m. formann, fulltrúi stýrihóps sér um að rita og samræma).
- Vikulegir fundir á haustönn og ½ laugardagur um miðja önn.
- Skoða ný lög um framhaldsskóla og meðfylgjandi gögn með tilliti til ákvæða um hið nýja framhaldsskólapróf
  - Fara yfir niðurstöður nefndar á vegum menntamálaráðuneytis um almennar námsbrautir
- Vinna úr niðurstöðum hópa á starfsdögum í mars og maí 2009 um framhaldsskólaprófið
- Kynna sér lykilhæfniþætti og gæta þess að öll vinna sé í samræmi við þá stefnu sem þeir marka
- Fylgjast með vinnu annarra vinnuhópa vegna nýrra laga og hafa samstarf við þá eftir því sem við verður komið
- Leggja drög að hugmyndafræði brautanna:
  - ákvarða markhóp


- skoða mismunandi útfærslur á námslokum
- skrifa lærdómsviðmið (learning outcome) fyrir brautirnar
- Skrifa brautarlýsingu fyrir námsbraut (eða –brautir) sem enda með framhaldsskólaprófi
- Skoðar möguleika á þverfaglegri samvinnu og mismunandi námsleiðum innan skólans
- Vera til ráðgjafar um útfærslu áfangalýsinga (þegar þær verða skrifaðar)

Afurðir og skil:

- Skýrsla um störf hópsins
- Kynning á stöðu mála á starfsdögum
- Lærdómsviðmið brauta
- Drög að brautarlýsingu (desember 2009)

## 2. Lýsing á framvindu starfsins í vinnuhópnum

Fyrsti fundur hópsins var 1. september og var fundað vikulega eftir það. Við val á þátttakendum í vinnuhópinn var leitast við að blanda saman fulltrúum frá ólíkum sviðum skólans og reynslufólki af almennum námsbrautum til þess að fá inn sem fjölbreyttastar hugmyndir um hvað í framhaldsskólaprófinu gæti falist. Hópurinn vann vel saman og var í grundvallaratriðum sammála um markmið og leiðir að þeim enda þátttakendur almennt jákvæðir gagnvart breytingaferlinu. Töluverður tími fór í almennar umræður í upphafi t.d. um samsetningu nemendahópsins og þau vandamál sem honum fylgja, skipulag skólans almennt og þær hindranir sem það hefur í för með sér. Fljótlega eftir að hópurinn tók til starfa var farið að vinna eftir ákveðinni hugmyndafræði sem er í því fólgin að taka meira mið af námslegri stöðu hvers og eins nemanda en hingað til hefur verið gert og raða í hópa í samræmi við þá stöðu. Nemanda gefist síðan kostur á að hefja nám á þeirri námsbraut sem hugur hans stefnir að fyrir en verið hefur á almennum námsbrautum hingað til ef staða hans og námsárangur gefa tilefni til. Í þessu skini var sett upp hringlaga líkan af skólanum (myndi 1) sem nýttist vel til að skoða það ferli sem nemandi gengur í gegnum. Hópurinn hafði samband við reynslufólk úr öðrum framhaldsskólum til að leita hugmynda. Náms- og starfsráðgjöfum skólans var einnig boðið á fund hópsins til skrafs og ráðagerða.




Mynd 1 - Framhaldsskólaprófið og svið BHS

Hópurinn kynnti starf sitt tvisvar sinnum á haustönn 2009. Fyrri kynningin fór fram laugardaginn 24. október og var fyrir meðlimi annarra vinnuhópa sem voru að störfum samhliða. Seinni kynningin var þann 20. nóvember en þá voru helstu niðurstöður vinnuhópa kynnt fyrir öllum kennurum skólans.

### 3. Afurðir vinnuhópsins

Spurningin um það hver markhópur framhaldsskólaprófsins væri og hverskonar námstilboð hentuðu honum var útgangspunktur hópsins. Rætt var um þann vanda sem felst í því hversu ólíkur nemendahópurinn sem hingað til hefur stundað nám á almennum námsbrautum er innbyrðist hvað varðar félagslegan þroska, námslega getu og almennan áhuga á þeim tækifærum sem nám við framhaldsskóla býður upp á. Kom skýrt fram í umræðunni að fólk telur líklegt að markhópur framhaldsskólaprófsins sé að mörgu leyti sá sami og markhópur almennra námsbrauta hefur verið, þ.e. þeir nemendur sem ekki ljúka grunnskóla með fullnægjandi námsárangri til að innritast á hinar ýmsu brautir framhaldsskólanna. Þessi hópur er síður en svo einsleitur; í honum eru nemendur sem vantar undirbúning í einu fagi við hlið nemenda sem hafa ekki náð námsmarkmiðum í neinu kjarnafaga grunnskólans; nemendur með dislexíu á háu stigi við hlið nemenda sem eru vel læsir; nemendur sem greinst hafa með ADHD eða aðrar hegðunarraskanir við hlið þeirra sem hafa lent í slæmu einelti. Þessi sundurleitni nemendahópsins, sem meðlimir vinnuhópsins mátu svo að væri meiri en almennt gengur og gerist með hópa innan skólans, ásamt því bekkjarfyrirkomulagi sem verið hefur á almennum námsbrautum í BHS, gerir það að verkum að kennarar hafa á stundum átt mjög erfitt með að skapa þann vinnuanda og vinnufrið sem þarf að vera í námshópum, hvaða nafni sem þeir nefnast. Þetta vandamál raungerist oft þannig að þeir sem best standa námslega fá litla athygli kennarans þar sem hann ver mestu af sínum tíma í að aðstoða þá sem verst eru settir eða þá að mestur tími kennarans fer í að halda uppi nauðsynlegum aga og hið eiginlega nám (hið fagtengda nám) situr á hakanum.

Til þess að bregðast við þessu taldi vinnuhópurinn að leggja þyrfti vinnu í að greina námslega stöðu nemandans um leið og hefur nám í skólanum með það fyrir augum að koma honum sem fyrst á þá braut sem hugur hans stefnir til. Fyrir þá nemendur sem ekki eru tilbúnir að velja sér námsbraut er í boði ráðgjöf sem sinnt er af náms- og starfsráðgjöfum skólans. Þeir nemendur sem ekki tekst að vinna upp það námsefni sem ekki var lokið í grunnskóla halda áfram á framhaldsskólabraut í einum til tveimur bekkjardeildum og ljúka námi með framhaldsskólaprófi eftir eitt og hálf til tvö ár. Þannig er reiknað með að stærstur hluti nemenda sem innritast á framhaldsskólabraut renni inn á aðrar brautir skólans þegar þeir eru tilbúnir til og að þeir sem eftir verða fá því meiri athygli og aðstoð en ella.




Mynd 2 - Færni nemanda með framhaldsskólapróf

Tiltölulega snemma í ferlinu fór vinnuhópurinn að velta fyrir sér hvernig hin endanlega „afurð“ ætti að vera, þ.e. hvaða hæfni væri ákjósanlegt að nemandi með framhaldsskólapróf byggji yfir að loknu námi. Á mynd 2 má sjá hugmyndir hópsins en þær endurspeglast enn fremur í lærdómsviðmiðunum (sjá 4. kafla hér að neðan). Einnig var rætt töluvert um þann þrýsting sem virðist vera til staðar í íslensku samfélagi á það að nemendur skuli leggja stunda á bóknám. Kennarar (m.a. á almennum námsbrautum) verða varir við það viðhorf að annað nám, t.d. iðnnám og styttra starfsnám þyki einfaldlega ekki nógu fínt. Þetta er miður þar sem að bóknám hentar augljóslega ekki öllum nemendum og samfélagið þarfnast fjölbreytts vinnuafis sem hlotið hefur góða þjálfun.

Mikil umræða fór fram innan hópsins um fyrirbærið „framhaldsskólapróf“ þar sem hugtakið er ekki skilgreint ítarlega í framhaldsskólalögunum né meðfylgjandi greinargerð. Taldi hópurinn víst að eitt af marmiðunum með prófinu væri að láta nemendur sem hafa sannarlega notið menntunar á framhaldsskólastigi (þó þeir hafi ekki lokað skilgreindri námsbraut) njóta þess á einhvern hátt á svipaðan hátt og gert er í þeim löndum sem við miðum okkur gjarnan við. Þannig yrðu til skilgreind námslok í framhaldsskóla óháð námslegri getu nemenda með svipuðum hætti og gerist við námslok í grunnskóla. Það varð til þess að styrkja þessa túlkun vinnuhópsins á fyrirbærinu þegar einn af meðlimunum rakst á eftirfarandi skýringu á upplýsingavef menntamálaráðuneytisins um nýja menntastefnu: „Ekki er gert að skilyrði að nemendur hafi staðist allar greinar með hefðbundnum lágmarkseinkunnum en þeir þurfa að uppfylla kröfur skólans um ástundun og námsframvindu til þess að geta lokið námi“ (sjá <http://www.nymenntastefna.is/log-um-framhaldsskola/spurtogsvarad/>).

Eftir að vinnuhópurinn hafði rætt samsetningu væntanlegs nemendahóps og komist að sameiginlegum skilningi á hugtakinu „framhaldsskólapróf“ var farið að ræða samsetningu og inntak námsins. Gengið var út frá því að grunnskipulag skólans yrði þannig að hverri námsönn yrði skipt upp í tvær styttri lotur eða svokallaðar nýannir þannig að hverjum námsáfanga lyki á u.þ.b. sjö vikum. Ákveðið var að megin reglan yrði sú að bókleg fög væru aldrei meira en helmingur af námi nemenda fyrsta árið. Taldi vinnuhópurinn þó nauðsynlegt að þeir sem hefðu til þess getu fengju tækifæri til að spreyta sig á þeim bóklegu námsgreinum þar sem slakur árangur í grunnskóla hafði staðið í vegi fyrir því að nemandi kæmist inn á þá námsbraut framhaldsskólans sem hann óskaði eftir. Samsetningu námsins fyrstu tvær nýannirnar má sjá á mynd 3.



Mynd 3 - Fyrsta önn framhaldsskólaprófsins

Nákvæm útfærsla á einstökum fögum var ekki rædd enda taldi hópurinn það vera hlutverk fagkennara í einstökum fögum. Þó taldi vinnuhópurinn rétt að lagðar yrðu ákveðnar línur um námsmat og ytri ramma námsins:

- Engin skrifleg lokapróf en þess í stað áhersla á verkefnaþátt nám, samvinnunám og jafningjamat.
- Einstaklingsmiðað nám að svo miklu leiti sem við verður komið.
- Markviss notkun námsþings (Moodle) til þess að auðvelda nemendum, kennurum, foreldrum og forráðamönnum aðgengi að nauðsynlegum upplýsingum og til að stuðla að góðu utanumhaldi.
- Áhersla á tækifæri nemandans til að tengja saman áhugamál og nám.
- Viðleitni til að brjóta námsefni niður í smáa og tiltölulega afmarkaða þætti.
- Áhersla á læsi í víðum skilningi þess orðs.

Fögin sem kennd verða á fyrstu önn eru sjö talsins: Kjarnafögin íslenska, enska og stærðfræði, lífsleikni eða –færni (LKN), leiklist, upplýsinga- og tölvumennt (UTN) og íþróttir og heilsuefling. Þar sem ekki er endilega um að ræða hin hefðbundnu framhaldsskólafög verður hér á eftir fjallað lítillega um hvert fag og ástæður þess að vinnuhópurinn telur rétt að þau séu hluti af námi á framhaldsskólabraut.

**Kjarnafögin** (TAL1A059, TEN1A059, TJÁ 1A059) – Samkvæmt gildandi lögum um framhaldsskóla eru kjarnagreinar þrjár talsins, íslenska, enska og stærðfræði. Þetta eru jafnframt þær greinar sem að öllum líkindum munu verða notaðar til þess að ákvarða hverjir komast inn á þær brautir framhaldsskólanna sem enda með skilgreindu lokaprófi, s.s. stúdentsprófi eða prófi til starfsréttinda. Auk þess er óhætta að fullyrða að hæfni í þessum greinum sé lykilatriði velfarnaðar í lífi nútímamannsins.

Vinnuhópurinn var sammála um að mikilvægi þess að nám í þessum greinum væri hluti af framhaldsskólaprófinu. Námið þyrfti hins vegar ekki að fara fram á sömu forsendum og hingað til. Í samstarfi kennara sem hafa víðtæka þekkingu á einstökum fögum og reynslu af nemendahópnum mætti setja saman áfanga þar sem námsefnið væri tekið öðrum tókum en áður. Með verkefnatengdu námi og fjölbreyttu námsmati má auka sveigjanleika og áhuga nemenda.

**Lífsfærni/lífsleikni** (LKN1A059)– Í þessum áfanga verður lögð áhersla á þá grunnþætti sem einkenna eiga skólastarf: Læsi í víðum skilningi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, menntun til sjálfbærni og skapandi skólastarf. Hugmyndin er að áfanginn, sem byggður verður á þeirri reynslu sem skapast hefur við lífsleiknikennslu í BHS, verði að mestu eða öllu leyti verklegur. Höfuð áherslan verður á menntun til sjálfbærni enda innifelur sú hugmyndafræði flesta ef ekki alla hina grunnþættina. Einnig verður lögð áhersla á að veita nemendum tækifæri til að styrkja sjálfsmynd sína og rækta félagsfærni.

**Upplýsinga- og tölvumennt** (UTN1A059) – Í BHS hefur á undanförunum árum verið unnið að uppsetningu og aðlögun á Moodle námssumsjónarkerfinu. Er hugmyndin sú að nemendur á framhaldsskólabraut þjálfist í notkun kerfisins og að kostir þess verði nýttir til hins ýtrasta. Má




þar m.a. nefna að kerfið getur haldið utan um ferilmöppu nemendanna frá upphafi náms til loka, umsagnir og einunnir auk þess sem miðla má upplýsingum til foreldra/forráðamanna eftir hentugleikum. Til þess að nemendur geti nýtt sér kosti kerfisins til fulls verður lögð rík áhersla á grunnþjálfun í tölvunotkun strax í upphafi náms á framhaldsskólabrautinni.

**Leiklist (LE1A059)** – Á undanförunum árum hafa nemendur almennra námsbrauta BHS getað valið að taka einn til tvo áfanga í leiklist. Hefur það nýst þessum nemendum vel enda er leiklistin vel til þess fallin að þjálfra félagsfærni og auka sjálfstraust. Með því að gera leiklist að skyldufagi á framhaldsskólabraut er ætlunin að veita öllum nemendum þjálfun í mikilvægum þáttum mannlegra samskipta s.s. að tjá sig fyrir framan hóp jafningja.

**Íþróttir og heilsuefling (HES1A029)** – Hugmyndin er að útvíkka hefðbundna íþróttaráfanga og tengja betur almennri vitund um andlega og líkamlega heilsu. Gert er ráð fyrir að nemendur eigi kost á verklegri íþróttakennslu þrisvar til fimm sinnum í hverri viku auk þess sem þeir munu vinna að verkefnum tengdum heilsueflingu.

Eftir að nemandi hefur lokið fyrstu námsönn kemur hann til með að hafa meiri möguleika á að velja fög í samræmi við áhuga sinn þó úrvalið ráðist að nokkru leyti af því hversu vel honum gengur í námi. Þegar að þessum tímapunkti kemur mun nemandinn hafa fengið ráðgjöf náms- og starfsráðgjafa auk þess sem umsjónarkennarar og kennarar í einstökum greinum hafa lagt inn ýmiss konar efni um þá möguleika sem nemendum bjóðast í BHS og öðrum framhaldsskólum.

Á þessum tímapunkti ætti einnig að vera orðið ljóst hverjir þurfa mikinn stuðning í námi. Þeim hópi, sem gera má ráð fyrir að stefni á framhaldsskólapróf, verður sinnt sérstaklega af teymi kennara sem hefur sérhæft sig í að fást við fjölbreytt náms- og félagsleg vandamál. Næsta skref í þróun framhaldsskólabrautar BHS felst er fólgið í ýtarlegri útfærslu á seinna ári framhaldsskólaprófsins. Á mynd 4 má sjá hvernig leið nokkurra mismunandi nemenda í gegnum skólann gæti litið út.



Mynd 4 - Mismunandi leiðir

## 4. Drög að lærdómsviðmiðum

Framhaldsskólabraut – LÆRDÓMSVIÐMIÐ – Learning outcome	
<b>Prep 1</b>	
<b>Lærdómur námsbrautar</b> skilar nemanda með hæfni á þrepi 1. Hann einkennist af almennum þáttum þekkingar, færni og hæfni sérsviðs námsbrautarinnar og uppfyllir neðangreind viðmið að mestu eða öllu leyti	
ÞEKKING	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Nemandi á með fjölbreyttum aðferðum hafa <b>aflað</b> sér nokkurrar þekkingar í þeim greinum sem hann hefur lagt stund á.</li> <li>- Nemandi á að geta <b>greint</b> þekkingu sínu í með því að ræða hana við aðra nemendur, flokka hana og bera saman við annað sem honum finnst skipta máli, t.d. áhugamál.</li> <li>- Nemandi á að geta <b>miðlað</b> þekkingu sinni með fjölbreyttum og skapandi hætti í samræðu við aðra nemendur, skriflega, verklega og með aðstoð margmiðlunartækni.</li> </ul>
LEIKNI	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Nemandi á að hafa <b>aflað</b> sér þjálfunar í þeim aðferðum og verklagi sem nám í framhaldsskóla krefst.</li> <li>- Nemandi á að geta <b>greint</b> á milli mismunandi aðferða og milli mismunandi þátta í skipulagi verkferla; nemandinn getur unnið undir leiðsögn.</li> <li>- Nemandi á að geta <b>miðlað</b> leikni sinni með fjölbreyttum tjáningarformum og skal geta beitt ýmsum verkfærum við tjáninguna, t.d. margmiðlunartækni.</li> </ul>
HÆFNI	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Nemandi á að geta að hagnýtt sér þá hæfni sem hann hefur <b>aflað</b> sér hvort heldur sem er í frekara námi eða í daglegu lífi. Hann á að geta sýnt fram á almenna siðvitund sína og umburðarlyndi og á að hafa skilning á eigin getu.</li> <li>- Nemandi á að geta <b>greint</b> þekkingu sína og leikni á hagnýtan hátt t.d. með því að finna orsakasambönd og samhengi hluta, með samanburði, einföldun og því að draga ályktanir. Um leið skal hann geta sýnt ábyrgðartilfinningu, sjálfstraust og sjálfstæð vinnubrögð. Hann hefur ennfremur hæfni í gagnrýninni og sjálfstæðri hugsun.</li> <li>- Nemandi á að geta <b>miðlað</b> þekkingu sinni og leikni á hagnýtan máta og sýnt þannig sköpunarmátt sinn, frumkvæði og hæfni til að tjá hugmyndir og skoðanir.</li> </ul>

Þó svo að lærdómsviðmið brautarinnar séu miðuð við 1. þrep er líklegra en ekki að einstakir áfangar sem nemendum stendur til boða að leggja stund á verði á 2. þrepi.

## 5. Samantekt


Tillaga vinnuhópsins er að á grunni þeirrar reynslu sem er af kennslu nemenda á almennum námsbrautum verði reist ný braut sem nefnd verði **framhaldsskólabraut**. Á brautina innritast allir nemendur sem vilja hefja nám við Borgarholtsskóla en uppfylla ekki inntökuskilyrði á aðrar brautir skólans. Markmið náms og kennslu á brautinni eru eftirfarandi:

- Að skapa hverjum nemanda ákjósanlegt námsumhverfi og aðstoða hann við að finna nám við hæfi (einstaklingsmiðað nám);
- að minnka brottfall;
- að auka næmni nemenda fyrir umhverfi sínu og samfélagi (sjálfbærni og borgaravitund).

Þessum markmiðum verður að mati vinnuhópsins best náð með markvissri greiningu nemendahópsins strax í upphafi náms og með því að koma hverjum einstaklingi sem fyrst í nám sem fellur að hans getu og áhugasviði. Því leggur hópurinn til að á fyrstu önn (haustönn) fari kennslan fram í fjórum til fimm bekkjardeildum sem blandast e.t.v. í einhverjum greinum en að megin reglan verði sú að nemendur hitti sinn umsjónarkennara sem oftast. Þannig má stuðla að því að upplýsingar

um árangur og ástundun einstakra nemenda safnist á einn stað sem auðveldar mjög alla úrvinnslu þeirra. Einnig munu nemendur njóta náms- og starfsráðgjafar strax á fyrstu nýönn.

Vinnuhópurinn leggur til að á annarri önn (vorönn) verði val nemenda meira (sjá mynd 1) og að þeir sem það geta verði jafnvel farnir að taka áfanga sem kenndir eru á þeirri námsbraut sem þeir stefna á. Þeir sem þarfnast meiri stuðnings, t.d. í kjarnagreinum, eiga kost á honum.



### Mynd 5 - Yfirlit

Á þriðju og fjórðu önn er gert ráð fyrir að stór hluti nemendahópsins verði búinn að finna sér farveg á öðrum námsbrautum, annað hvort í BHS eða við aðra framhaldsskóla. Þeir sem eftir verða stunda einstaklingsmiðað nám sem tengt verður einhverri af brautum skólans undir handleiðslu umsjónarkennara. Um verður að ræða blöndu af verklegu námi, listnámi og/eða starfsnámi, væntanlega með einhverskonar tengingu við atvinnulífið. Á mynd 5 má sjá yfirlit yfir ferlið.

Tillögurnar fela það í sér að ekki munu allir nemendur sem innritast á framhaldsskólabraut útskrifast með framhaldsskólapróf. Raunar má ganga svo langt að segja að vinnuhópurinn sjái fyrir sér að eitt af undirliggjandi markmiðum brautarinnar sé að sem fæstir nemendur ljúki eingöngu framhaldsskólaprófi og að sem flestir ljúki lokaprófi af öðrum námsbrautum. Það er þó útfærsluatriði því allt eins má hugsa sér að allir sem lokið hafa tilskyldum einingafjölda fái framhaldsskólapróf.

Vinnuhópurinn mælir með því að nemendur verði innritaðir á framhaldsskólabraut haustið 2010. Til þess að það geti orðið þarf að ráðast sem fyrst í að útfæra frekar kennslufræði brautarinnar og megin línur varðandi verkefnavinnu og námsmat. Því næst þarf að skrifa áfangalýsingar fyrir fyrra ár framhaldsskólaprófsins og hefja vinnu við nánari útfærslu seinna ársins. Þrátt fyrir knappan tíma telur

vinnuhópurinn þetta vel framkvæmanlegt þar sem mikil reynsla og þekking er til staðar í þeim kennarahóp sem starfandi er á almennum námsbrautum Borgarholtsskóla sem og hjá þeim sem kenna við aðrar brautir skólans.

Anton Már Gylfason

Aðalsteinn Ómarsson

Guðmundur Þórhallsson

Kristveig Halldórsdóttir